

3. Um gjalddaga og gjaldfrest.

- 3.1. Bæjarráð setur reglur um gjalddaga við hverja úthlutun lóða og tekur ákvörðun um gjaldfrest.
- 3.2. Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á samanber lög nr. 51/1974, og gengur það ásamt vöxum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til váttryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af Bæjarstjórn Ísafjarðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 7. mars 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

7. mars 1975.

Nr. 83.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjald A í Ísafjarðarkaupstað.

1. Almenn ákvæði.

- 1.1. Bæjarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjald á lóðir í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegi telst, þótt ekki sé sérstök lóð.
- 1.2. Gatnagerðargjald A er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við undirbyggingu götu fyrir bundið slitlag.
- 1.3. Þegar veitt er byggingarleyfi án undangenginnar lóðarveitingar er greiðsla gatnagerðargjalds áskilin og skal húsbyggjandi greiða gatnagerðargjaldið samkvæmt gjaldskrá, en þó aðeins af byggingaráfanga hverju sinni, sbr. þó grein 1.5.
- 1.4. Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breyta notkun þess, þannig að húseignin eða endurbyggingu húsnæðis, sem hærri gjaldflokk, þá skal húseigandi greiða gatnagerðargjald af hinu breytta húsnæði, sem nemur mismuni á gjaldinu reiknuðu af hinu breytta húsnæði fyrir og eftir breytinguna.
- 1.5. Hafi byggingarleyfi verið veitt í bygginganefnd og aðeins hluti þess notaður innan tilskilins tíma, skal við endurnýjun leyfisins greiða fullt gjald af þeim hluta byggingarinnar, sem byggingarleyfið er endurnýjað fyrir, að frádregnu því gatnagerðargjaldi, sem áður hefur verið greitt af sama áfanga.
- 1.6. Lóðin er veitt í því ástandi, sem hún er í við afhendingu hennar, og á lóðarhafi engar kröfur á hendur bæjarfélagsins síðar, vegna ástands hennar. Lóðarhafi skal hlíta byggingarskilmálum svo og öðrum þeim lögum og reglum, sem til greina kunna að koma og settar kunna að verða.

2. Gjaldstofn.

- 2.1. Upphæð gatnagerðargjalda skal miðast við ákveðinn hundraðshluta byggingarkostnaðar per rúmmetra „visitöluhússins“. Gjaldskráin er því háð visitölu byggingarkostnaðar og skal breytast árlega.

- 2.2. Gjöldin skulu og miðast við brúttórúmmál húss. Rúmmál skal reikna samkvæmt grein 17.1.1. í Byggingarsamþykkt fyrir Ísafjörð. Rúmmál skal reiknað eftir samþykktum uppdráttum. Sé uppdráttur nýrra húsa ekki fyrir hendi, skal til bráðabirgða miða við þá stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi skal miðað við eftirtalдар stærðir:

Einbýlishús ásamt bilgeymslu 500 m³.

Par-, rað-, keðju-, stalla-, tvíbýlis- og þrúbýlishús 400m³/íbúð.

Fjölbýlishús 300m³/íbúð.

Fyrir önnur hús skal áætla nýtingarhlutfall lóðar 0,3—0,5 eftir nánari ákvörðun byggingarnefndar hverju sinni, þ. e. ef samþykkt deiliskipulag kveður ekki á um nýtingarhlutfallið.

Meðalhæð skal reikna 3,5 m.

3. Um afsögn veittrar lóðar og lækun gatnagerðargjalds.

- 3.1. Óski lóðarhafi eftir að segja sig frá veittri lóð, skal hann eiga rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi. Heimilt er þó að fresta endurgreiðslunni eins og hér segir:

50% gatnagerðargjaldsins greiðist eftir 6 mán.

Eftirstöðvar greiðast eftir 12 mán.

Verði lóðin veitt að nýju innan þess tíma, skal fyrri lóðarhafi fá gatnagerðargjaldið endurgreitt að fullu, þegar sú lóðarúthlutun fer fram.

- 3.2. Bæjarstjórn getur samkv. tillögu bæjarráðs ákveðið að lækka eða fella niður gatnagerðargjald á íbúðarhúsalóðum, sem óbyggðar eru í annars byggðum hverfum og að mati byggingarnefndar eru verulega erfiðar og dýrar í byggingu miðað við venjulega byggingartækni á hverjum tíma. Einnig er bæjarstjórn heimilt að lækka eða fella niður gatnagerðargjald af fjölbýlishúsum samkvæmt þessari grein.

Þá er bæjarsjórn og heimilt að lækka eða fella niður gatnagerðargjöld af iðnaðar- og atvinnuhúsnæði, enda liggi til þess fullgild rök hverju sinni. Enn fremur getur bæjarstjórn ákveðið gatnagerðargjald sérstaklega í þeim tilvikum að byggingar séu sérhæfðar og/eða afbrigðilegar um notkun og annað slíkt.

- 3.3. Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á samanber lög nr. 51/1974, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvila og tekur einnig til váttryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

4. Um ágreining.

- 4.1. Bæjarráð sker úr ágreiningi, er rísa kann um álagningu og innheimtu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af Bæjarstjórn Ísafjarðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut kunna að eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 7. mars 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.